



Nefndarsvið Alþingis  
Sigrún Helga Sigurjónsdóttir,  
ritari  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Alþingi  
Erindi nr. **P 141/709**  
komudagur **26.11.2012**

Rvk., 22. nóvember 2012

**Efni. Frumvarp til laga um miðstöð innanlandsflugs á 141. löggjafarþingi, þskj. 120 - 120. mál**

Tilv. 2012110011

Frumvarpið barst Bændasamtökum Íslands til umsagnar með tölvubréfi frá nefndarsviði Alþingis, dags. 8. nóvember 2012.

Bændasamtök Íslands og búnaðarþing, sem er aðalfundur samtakanna, hefur rætt og ályktað um samgöngur og innanlandsflug. Það er eindregin afstaða Bændasamtaka Íslands að styðja áframhaldandi uppbyggingu á miðstöð fyrir innanlandsflug á Reykjavíkflugvelli. Sú afstaða er m.a. í ályktun á búnaðarþingi 2005.

Bændur, íbúar sveita og landsbyggðar þurfa að eiga greiðar samgöngur að kjarna íslensku stjórnsýslunnar. Staðsetning stofnanna í Reykjavík krefst þess að greiðar samgöngur og sem hagkvæmastur og stystur ferðatími sé við borgina. Sú staðreynd að stöðugt hefur dregið úr uppbyggingu á sviði heilbrigðismála á landsbyggðinni, á undanförunum árum, þýðir einnig að fleiri og fleiri íbúar landsbyggðar hafa ekki aðgang að henni nema í Reykjavík. Flutningur á flugvelli frá núverandi staðsetningu þýðir lengri ferðatíma fyrir sjúklinga og tregara aðgengi að heilbrigðisþjónustu. Þá er þjónusta við íbúa landsbyggðar, með flugi, mörgum byggðalögum nauðsynleg með tilliti til vöruflutninga.

Bændasamtök Íslands styðja eindregið úrbætur á aðstöðu fyrir innanlandsflug og eflingu þess á Reykjavíkflugvelli.

Virðingarfyllst  
f.h. Bændasamtaka Íslands

  
Elías Blöndal Guðjónsson